

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 12. desember 1969 og innheimta á árinu 1970 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965. Afsöl fyrir skráningarskyldum skipum eru undanþegin álagi.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla, sem er undanþegið álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1969.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Kristján Thorlacius.

30. desember 1969.

Nr. 314.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 200 24. des. 1957 um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt 1,95% af fasteignamatverði hússins, þó aldrei lægri en 500 krónur.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Aukavatnsskatt samkvæmt 1. mgr. skal innheimta samkvæmt mæli með kr. 2.60 verði fyrir hvern teningsmetra.

Reglugerðarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1970. Jafnframt eru úr gildi numdar reglugerðarbreytingar nr. 200 30. des. 1958, nr. 291 31. des. 1964 og nr. 17 22. janúar 1966 við reglugerð nr. 200 24. des. 1957 um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1969.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.